

REGLUR

**um breytingu á reglum nr. 952/2002, um framhaldsnám
við hugvísindadeild Háskóla Íslands, með síðari breytingum.**

1. gr.

Fyrsta grein reglnanna, sbr. 1. gr. reglna nr. 600/2005, breytist og verður svohljóðandi:

Við hugvísindadeild Háskóla Íslands er hægt að stunda meistaránám til M.Paed.-prófs og M.A.-prófs á fagsviðum þar sem skor og deildarráð meta að nauðsynleg aðstaða og sérþekking sé fyrir hendi. Um doktorspróf við hugvísindadeild gilda reglur settar af háskólaráði.

2. gr.

Fjórða grein reglnanna, sbr. 1. gr. reglna nr. 1056/2006 og 1. gr. reglna nr. 600/2005, breytist og verður svohljóðandi:

Rannsóknanaðsnefnd hugvísindadeildar fer með málefni rannsóknanaðs deildarinnar í umboði deildarráðs. Nefndin fylgist með því að hæfilegs samræmis sé gætt í meðferð umsókna um meistaránám, sem og skipulagi þess, inntökuskilyrðum, kröfum til meistaránema og þjónustu við þá. Hún rædir og mótar stefnu deildarinnar um meistaránámið eftir því sem deild felur henni. Hún skal fjalla um gæði þessa náms og gera tillögur til deildarráðs um það hvernig rétt sé að meta það og styrkja.

Rannsóknanaðsnefnd er kosin af deildarráði til þriggja ára. Í henni skal sitja einn fulltrúi úr hverri skor deildarinnar, einn fulltrúi meistaránema og einn fulltrúi doktorsnema. Deildarráð kýs formann úr hópi nefndarmanna. Starfsmaður á skrifstofu deildarinnar er ritari nefndarinnar. Hlutverk starfsmannsins er m.a. að fylgjast með námsframvindu meistaránema og afla upplýsinga fyrir nefndina. Hlutverki sínu gegnir nefndin m.a. með því að:

- a. afgreiða umsóknir um meistaránám að lokinni umfjöllun skorar eða, eftir atvikum, fagráðs,
- b. stuðla að samræmi í kröfum til meistaránema eftir því sem við á,
- c. fylgjast með því að reglum um meistaránám sé framfylgt,
- d. samþykka tillögur skorar, eða eftir atvikum fagráðs, um leiðbeinanda og skipan meistaraprófsnefndar,
- e. gæta réttar meistaránema.

Stúdent getur skotið ágreiningi við meistaraprófsnefnd til rannsóknanaðsnefndar.

3. gr.

Fimmta grein reglnanna breytist og verður svohljóðandi:

Sérhver meistaránemi skal hafa aðalleiðbeinanda úr hópi fastra kennara (lektor, dósent, prófessor) í viðkomandi grein, sem er jafnframt umsjónarkennari hans. Skor getur veitt undanþágu frá þessari reglu en aðalleiðbeinendur meistaránema skulu ávallt vera viðurkenndir sérfræðingar á viðkomandi sviði. Ef aðalleiðbeinandi er ekki fastráðinn kennari er nauðsynlegt að hann hafi sjálfur a.m.k. lokið meistaraprófi á fræðasviðinu.

Við upphaf náms skulu skor og framhaldsnemi hafa samráð um val á aðalleiðbeinanda. Nemandi ráðfærir sig við aðalleiðbeinanda um skipulag námsins, val námskeiða og annað sem tengist náminu. Aðalleiðbeinandi leiðbeinir stúdent í lokaverkefni.

4. gr.

IV. kafli reglnanna (greinar 23 – 35) fellur niður.

Nr. 341

26. mars 2007

5. gr.

Heiti reglnanna verður: Reglur um meistaranám við hugvísindadeild Háskóla Íslands.

6. gr.

Reglur þessar sem samþykktar hafa verið af deildarfundi í hugvísindadeild og hlotið staðfestingu háskólaráðs, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands og 67. og 68. gr. sameiginlegra reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000, öðlast þegar gildi. Samhliða setningu þessara reglna hefur háskólaráð sett reglur um doktorsnám í hugvísindadeild, er taka gildi um leið og þessar reglur.

Háskóla Íslands, 26. mars 2007.

Kristín Ingólfssdóttir.

Pórður Kristinsson.

B-deild – Útgáfud.: 23. apríl 2007